

6.2.2018

Erindi til stjórnar SASS

Óskað er eftir álit og umsögn frá stjórn SASS varðandi aðkomu sveitarfélaganna að umsagnar- og samþykktarferli Áfangastaðaráætlunar DMP fyrir Suðurland.

Svæðisráð áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi hefur rætt um æskilegt umsagnar- og samþykktarferli fyrir Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi.


Svæðisráðið telur æskilegt að stjórn SASS og öll sveitarfélögin á Suðurlandi veiti umsögn um Áfangastaðaáætlun DMP í vinnsluferlinu.

Einnig telur svæðisráðið mikilvægt að öll sveitarfélög á Suðurlandi veiti umsögn og samþykki Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi formlega.

Svæðisráð leggur til eftirfarandi umsagnar- og samþykktarferli fyrir Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi 2018-2020:

- **19. feb.:** Drög að Áfangastaðaáætlun DMP send út til allra sveitarstjórna innan SASS. Óskað eftir umsögn og athugasemdum varðandi áherslur og efnistöð áætlunarinnar fyrir **28. mars 2018**.
- **6. apríl:** Stjórnarfundur SASS - Umsagnir og athugasemdir frá sveitarfélögunum kynntar og ræddar. Auk þess sem farið verður yfir helstu áherslupætti og efnistöð í fyrirbyggjandi drögum að Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi 2018-2020 og þau rædd á fundinum.
- **30. apríl:** Lokaútgáfa af Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi 2018-2020 send út til samþykktar í öllum sveitarstjórnnum SASS.
- Óskað verður eftir formlegu samþykki hvers sveitarfélags innan SASS í síðasta lagi **22. maí 2018**.
 - Samþykki sveitarfélaganna snýr að efnistöðum, áherslum og aðgerðaáætlun sem sett er fram í áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi 2018-2020.
 - Samþykki sveitarfélaganna er áheit um að sveitarfélögin muni stuðla að framgangi umræddrar Áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi 2018-2020.
 - Samþykki sveitarfélaganna staðfestir vilja þeirra til að umrædd áætlun verði afhent Ferðamálastofu sem formleg opinber Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurlandi 2018-2020.

Samþykktarferli áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi 2018-2020



ATH. Allar dagsetningar eru með fyrirvara um breytingar.

F.h. svæðisráðs áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi

Laufey Guðmundsdóttir og Anna Valgerður Sigurðardóttir, verkefnisstjórar